

## Lífisýnasafn rannsóknaverkefna Hjartaverndar

*Upplýsingar uppfærðar í mars 2007*

### Stjórn lífísýnasafnsins

Dr. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar, Kórsölum 3, 201 Kópavogi, Dr. Gunnar Sigurðsson, formaður stjórnar Hjartaverndar, Brúnalandi 30, 108 Reykjavík, Elín Ólafsdóttir læknir og forstöðumaður Klínískrar Lífefnafræðistofu Holtasmára, Fornhaga 20, 107 Reykjavík, Guðný Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri rannsóknaverkefna Hjartaverndar, Efstasundi 8, 104 Reykjavík.

### Ábyrgðarmaður lífísýnasafnsins

Dr. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar; til vara Dr. Gunnar Sigurðsson, formaður stjórnar Hjartaverndar.

### Dagleg ábyrgð á lífísýnasafninu

Dr. Vilmundur Guðnason, forstöðulæknir Hjartaverndar.

### Markmið með starfrækslu safnsins

Að varðveita öll lífísýni sem tekin eru vegna rannsókna Hjartaverndar, en þær eru aðallega á sviði faraldsfræði, faraldserfðafræði, erfðafræði áhættuþátta algengra sjúkdóma og almennra erfða algengra sjúkdóma, auk faraldsfræði og faraldsfræði erfða heilbrigðis og efnaskipta.

### Tegund lífísýna sem unnið er með

Þau lífísýni sem unnið er með í lífísýnasafni rannsóknaverkefna Hjartaverndar eru einungis þau sýni sem fást úr vísindarannsóknum Hjartaverndar. Tegundir þessara sýna eru blóðsýni, munnvatnssýni og þvagsýni. Unnið er erfðaefni og lifandi frumur úr blóðsýnunum.

### Frá hvaða aðilum berast lífísýni

Lífísýni eru frá þátttakendum í vísindarannsóknum Hjartaverndar og er söfnun sýna framkvæmd í húsnæði Hjartaverndar. Grunnur safnsins er byggður á framskyggnum rannsóknum Hjartaverndar, sem staðið hafa síðan 1967.

### Aðgangur að lífísýnunum og hugsanlegur flutningur þeirra úr landi

Í samræmi við lög og reglur um lífísýnasöfn gerir stjórn Lífísýnasafns rannsóknaverkefna Hjartaverndar samninga við vísindamenn um aðgang að lífísýnum til vísindarannsókna. Heimilt er að senda lífísýni úr landi í þágu lífísýnisgjafa, vegna sjúkdómsgreininga eða gæðaeftirlits. Annar flutningur lífísýna úr landi er háður samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær setja.

### Aðgangur að starfsreglum lífísýnasafnsins

Starfsreglur Lífísýnasafns rannsóknaverkefna Hjartaverndar er að finna í „Skipulagsskrá og starfsreglur lífísýnasafns rannsóknaverkefna Hjartaverndar.“

Nánari upplýsingar veitir Vilmundur Guðnason, [v.gudnason@hjarta.is](mailto:v.gudnason@hjarta.is).